

Jafnlaunastefna Grindavíkurbæjar

Jafnlaunastefna Grindavíkurbæjar byggir á gildum bæjarfélagsins sem eru jákvæðni, jafnræði, þekking, framsækni og traust. Stefnan er unnin í samræmi við ÍST 85 og lög númer 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Grindavíkurbær leggur metnað sinn í að tryggja öllum starfsmönnum sínum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Launaákvæðanir skulu vera gegnsæjar og málefnalegar og byggja á þeim kröfum sem gerðar eru til starfsins. Kröfur sem notaðar eru til að launaraða störfum eru: hæfni, álag, ábyrgð og vinnuáætlun.

Til þess að framfylgja jafnlaunastefnu sinni skuldbindur Grindavíkurbær sig til að:

- Skjalfesta, innleiða og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við ÍST 85 og lög númer 10/2008 ásamt þeim lögum og kröfum sem gilda um launasetningu.
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir öllum starfsmönnum árlega og hafa hana aðgengilega á vefsíðu Grindavíkurbæjar
- Framkvæma launagreiningu árlega með það að markmiði að kanna hvort kynbundin launamunur sé til staðar
- Gera viðeigandi leiðréttingar á launum svo fljótt sem verða má, komi í ljós óútskýrður launamunur milli kynja við framkvæmd launagreiningar
- Skjalfesta niðurstöður launagreininga og kynna þær fyrir starfsfólki
- Gera innri úttekt og rýna jafnlaunamarkmið a.m.k. árlega

Grindavíkurbær hefur gert samkomulag við vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi Grindavíkurbæjar. Leiði úttekt í ljós þörf á leiðréttingu launa til að mæta markmiðum Grindavíkurbæjar um jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, verður leiðréttingin framkvæmd svo fljótt sem verða má og skjalfest með niðurstöðum úttektar í launagreiningu.